

„Héraðsskjalasafni Árnesinga þakkað fyrir þeirra hugmyndir. Í ljósi aðstæðna er ákveðið að setja málið á bið. Ákveðið að óska eftir því að sveitarfélögin rétti sinn hlut í kostnaðarþátttöku, en safnið hefur verið rekið með halla um nokkurt árabil á kostnað Skógasafns þó hér sé um lögbundið hlutverk sveitarfélaganna á svæðinu að ræða.“

Formanni falið að senda erindi á héraðsnefndir verðandi ráðningu háskólamentaðs forstöðumanns í 100% starf sem fyrst – en stjórn telur það besta kostinn í stöðunni núna til að uppfylla lagaskyldur og tryggja starfsemi héraðsskjalasafnsins.

Samþykkt samhljóða.

6. Málefni Skógaskóla

- a. Fundur formanns og formanna héraðsnefnda með fjármálaráðuneytinu

Greint frá fundinum með fjármálaráðuneytinu. Formanni, Antoni Kára Halldórssyni og Evu Björk Harðardóttur falið að halda viðræðum áfram við ráðuneytið.

- b. Kynning á skýrslu um ástandsskoðun og kostnaðarmat á húsnæði Skógaskóla

Ari Guðmundsson verkfræðingur hjá Verkfræðistofunni Verkís kynnti helstu niðurstöður skýrslu sem Verkís vann um ástandsskoðun og kostnaðarmat á húsnæði Skógaskóla. Alls er um að ræða kostnað upp á 330-360 milljónir á næstu árum til að tryggja að húsnæðið sé í viðunandi ástandi.

7. Fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu

Eina framkvæmdin sem ákveðið hafði verið að fara í var málun á þaki samgöngusafnsins upp á 4 milljónir króna. Ákveðið að láta meta að fresta framkvæmdinni til næsta árs.

8. Aðalfundur 2020

Ársreikningur er á lokametrum og fer þaðan í löggilta endurskoðun. Ákveðið að boða til aðalfundar við fyrsta mögulega tækifæri og að halda stjórnarfund jafnframt þá við sama tækifæri.

9. Önnur mál

- a. Stjórn þakkar Andra Guðmundssyni forstöðumanni fyrir vel unnin störf á tímum COVID-19.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45.

Ingvar P. Guðbjörnsson ritaði fundargerð.

Anelvi Guðmundsson
Form. Skólagæslu
Sigjón Sigurðsson
Eva Björk Harðardóttir
Elín Grétarsdóttir
Antoni Kára Halldórsson